



HÁSKÓLI ÍSLANDS
TANNLÆKNADEILD



TANNSMÍÐI



Tannsmíði

Nám í tannsmíði er krefjandi, fræðilegt og verklegt þriggja ára nám, þar sem nemendur kynnst viðurkenndum aðferðum í tann- og munngevasmíð og raunverulegum verkefnum.

Inntaka nemenda

Til að hefja nám við deildina þarf að hafa lokið stúdentsprófi af bóknaðsbraut. Almenn þekking á efna- og líffræði er góður grunnur en þó ekki skilyrði. Kennslufni deildarinnar er að mestu á ensku.

Samkeppnispróf eru haldin í desember í lok fyrsta misseris og öðlast fimm efstu nemendurnir í tannsmíði, sem náð hafa tilskildum lágmarkseinkunnum, rétt til áframhaldandi náms.

Námið - skemmtilegt og krefjandi




Deildin er lítil og persónuleg og lausnarleitarnám er haft að leiðarljósi í kennslu. Hluti BS náms í tannsmíði, einkum á fyrsta misseri og í bóklegum fögum á seinni misserum, er kennt með tannlæknisfræði. Grunnfög námsleiðarinnar eru bit- og formfræði, efnafræði, heilgóma- og partagerð, krónu- og brúargerð og tannréttingasmíði. Auk námskeiða sem búa nemendur undir rannsóknarvinnu og þátttöku í atvinnulífni.

Kennsla í bóklegum og verklegum námskeiðum er skipulögð sem lotukennsla eða sem námskeið sem kennd eru alla önnina. Fyrstu tvö árin fer verkleg þjálfun í tann- og munngevasmíði fram á kennsluverkstæði Tannlæknadeildar. Nemendur á þriðja námsári

eru í námskeiðum, vinna að undirbúningi rannsókna sem lýkur með BS lokaverkefni auk þess sem þeir eru í skipulögðu vettvangsnámi í Tannlæknadeild og á tannlækna- og tannsmíðastofum.

Á tannlækningastofu deildarinnar veita lengra komnir tannlækna- og tannsmíðanemar í verknámi almenningi þjónustu gegn vægu gjaldi. Öll vinna nemenda er unnin undir handleiðslu kennara.

BS nám í tannsmíðum:





Snædís Ómarsdóttir, 1. árs nemi

„Ég fór á Háskóladaginn og heillaðist af tannsmiðakynningunni! Kostirnir við tannsmiðanámið er að eftir 3 ára nám til BS gráðu fær maður réttindi til að starfa sem tannsmiður. Einnig er í boði fjölbreytt framhaldsnám í útlöndum sem mér finnst mjög spennandi. Ég hef áhuga á efnafræði, en það er eina raungræðin í tannsmíði.“



Alexander Nökkvi Baldursson, 3. árs nemi

„Það sem hefur komið mér á óvart í náminu er hve mikilvægur þátttakandi tannsmiðurinn er í tannheilsuteyminu, þó lítið beri á þeim fyrir augum sjúklingsins. Mér hefur fundist Vettvangsnámið áhugaverðast en þar hef ég fengið að kynna því að vinna raunhæf verkefni fyrir sjúklinga.“

Öflugt félagslíf

Félagslíf nemenda í Tannlæknadeild er öflugt og fjölbreytt þrátt fyrir að vera ein af fámennustu deildum Háskóla Íslands. Meðal árlegra viðburða deildarinnar eru nýnemamóttaka, jólaglögg og árshátíð, auk þess sem nemendur fara í fjölda vísindaferða. Ýmsir fleiri viðburðir eru sameiginlegir með nemendafélögum annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs.

Nemendur eiga fulltrúa í deildarráði Tannlæknadeildar og sviðsráði Heilbrigðisvísindasviðs og gæta þar að hagsmunum nemenda deildarinnar.



Að námi loknu

BS-próf í tannsmíði frá Tannlæknadeild Háskóla Íslands veitir rétt til að starfa sjálfstætt sem tannsmiður við smíði tann- og munngerva á Íslandi. Tannsmiðir eru heilbrigðisstarfsmenn og að útskrift lokinni sækir nemandi um starfsleyfi sem tannsmiður til Embættis landslæknis. Tannsmiðir eru hluti af tannheilsuteyminu þeir starfa ýmist á tannsmiðastofum og tannlæknastofum eða sem einrykjar.

Boðið er upp á framhaldsnám til meistara- og doktorsprófs í tannlæknavísindum við Tannlæknadeild Háskóla Íslands. Víða erlendis er einnig boðið upp á framhaldsnám í tannsmíði til meistara- og doktorsprófs auk sérmenntunar í ýmsum greinum tannsmíði.



Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins með menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinna fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala-Háskólasjúkrahús, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

Námsbraut í tannsmíði · Vatnsmýrarvegi 16 · 101 Reykjavík · Sími: 525 4892 · Fax: 525 4874 · viva@hi.is · ass34@hi.is

tannlaeknadeild.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
TANNLÆKNAEILD